

96

30. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við síðustu málsg. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd sildveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.
Togarar, sem gerðir hafa verið út á sildveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr sildveiðideildinni og herpinótaskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

97

30. nóv.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu.

Hinn 15. október var framlengt óbreytt viðskiptasamkomulag Íslands og Ítalíu frá 27. júní 1953 um eitt ár frá 27. júní 1954 að telja.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. nóvember 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.